

Nr. 504

28. maí 2009

AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024,
Próunaráætlun miðborgar - Reykjavík.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 28. maí 2009 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 frá 20. desember 2002.

Breytingin tekur til þróunaráætlunar Reykjavíkur, greinargerð III - landnotkun, og felst í því að hlutfall annarrar notkunar en smásöluverslunar skal ekki fara yfir 50% á hverju götusvæði innan miðborgarkjarna og hliðarverslunarsvæða. Á aðalverslunarsvæðum má þetta hlutfall ekki fara yfir 30%. Breytingin gerir ráð fyrir að sett verði 10% vikmörk á fyrrnefnd viðmið, þ.e. að önnur notkun en smásöluverslun geti orðið allt að 33% og 55% á viðkomandi götusvæðum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Samkvæmt fyrilliggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 28. maí 2009.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 12. júní 2009